Reykjavíkurborg

Reykjavík, 18. nóvember 2026
SFS26110063

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Starfsáætlanir frístundaheimila og félagsmiðstöðva starfsárið 2026-2027

Hér eru lagðar fram starfsáætlanir frá 31 frístundaheimili (vantar frá sex) og 25 félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs (vantar frá tveimur). Þetta er í fyrsta skipti sem þessar áætlanir eru lagðar fram í skóla- og frístundaráði, en áður voru starfsáætlanir frístundamiðstöðva lagðar fyrir ráðið, en ekki aðgerðaráætlanir sem frístundaheimili og félagsmiðstöðvar unnu út frá þeim.

Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS (2026) er kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundaheimila og félagsmiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavik. Starfsskráin var endurskoðuð á vorönn 2026 og er nú aftur í endurskoðun þar sem frístundamiðstöðvar hafa verið lagðar niður. Frístundamiðstöðvarnar stýrðu áður frístundaheimilum og félagsmiðstöðvunum í sínum borgarhluta, en þessum starfsstöðum er nú stýrt af skrifstofu frístundamála á skrifstofu skóla- og frístundasviðs með stuðningi og ráðgjöf frá sérfræðingum í frístundastarfi og ráðgjafaþroskaþjálfum á skóla- og frístundaþjónustu sviðsins.

Á vorönn 2026 voru haldnir vinnufundir um innra mat í hverjum borgarhluta þar sem stjórnendur frístundaheimila og félagsmiðstöðva unnu innra mat á starfsstöðum sínum út frá völdum viðmiðum um gæðastarf. Sú vinna var síðan tengd við form fyrir starfsáætlanir frístundaheimila og félagsmiðstöðva og á þeirri vinnu byggja þær starfsáætlanir sem hér eru lagðar fram. Þar eru dregnir fram styrkleikar og veikleikar í starfinu. Sagt frá því á hverju styrkleikarnir byggja og hvaða aðgerðir á að fara í til að vinna í umbótum.

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar starfa eftir *Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030* sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Jafnframt er tekið mið af Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027 en út frá þeim áherslum leggur frístundastarfið sérstaklega áherslu á að auka fræðslu og símenntun um menningarnæmi og fjölmenningu og að stuðla að meiri fjölbreytni í fyrirmyndum í starfsmannahópnum. Þar er jafnframt lögð áhersla á skapandi vinnu í gegnum tónlist, leiklist, sjónlist, kvikmyndalist og hönnun og að nota leiki sem námsleið. Áfram verður lögð áhersla á að auka samstarf við foreldra og að hlúa að óformlegum samskiptum og betri tengslamyndun meðal barna og unglinga. Sérstök áhersla verður lögð á starf fyrir 10-12 ára hópinn og kyn- og kynjafræðsluverkefni Jafnréttisskólans. Þá verður lögð áhersla á aukinn sýnileika bókakosts og samstarf við bókasöfn. Leitað verður leiða til að auka samstarf skóla- og frístundastarfs um áhugasviðsverkefni og frístundalæsi markvisst nýtt til að styrkja læsisþróun barna í gegnum leik og skapandi starf. Þá verður lögð áhersla á fræðslu um stafræna borgaravitund og fræðslu til að efla stafræna hæfni starfsfólks þar sem ráðgjöf og búnaður er fenginn frá Mixtúru.

Reykjavíkurborg

Til viðbótar við þessi stefnuskjöl sem frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar vinna eftir er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfum borgarinnar. Að auki er unnið að innleiðingu *laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna* sem miða að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra.

Tilgangur starfsáætlana er að gera frístundastarfið markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlanir eru birtar opinberlega og gefa starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig unnið er að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnu á starfsárinu og hvaða verkefnum verður unnið að.

Starfsáætlanirnar gilda frá 1. september 2026 til 31. ágúst 2027. Fyrirhugað er að þróa áfram þessi starfsáætlunarform og tengja enn betur við innra mat. Sú vinna er unnin í samstarfi við skrifstofu stjórnsýslu, gagna og gæða á skóla- og frístundasviði samhliða þróun á starfsáætlunum leikskóla og grunnskóla. Felur sú vinna m.a. í sér að nýta gervigreindina og starfskrafta þjónustu og nýsköpunarsviðs borgarinnar (ÞON) við að vinna starfrænar starfsáætlanir út frá könnunum og gögnum sem nýtt eru við mat á starfseminni.